

# Stofnanasamningur

Samstarfsnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) hins vegar gera með sér stofnanasamning um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum 7. greinar í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga á HVEST sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Launasetning deildarstjóra og yfirhjúkrunarfræðinga verður framkvæmd með einstaklingsbundum samningum við framkvæmdastjórn.

## 2. Markmið

Samstarfsnefndin er sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi:

- Að launakerfið sé sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að HVEST verði eftirsóknarverður og öruggur vinnustaður sem hefur á að skipa hæfu starfsfólki með góða þekkingu og faglegan metnað.
- Að endurmenntun og símenntun sé eðlileg krafa sem stofnunin gerir til starfsfólks.
- Að jafna launamun kynjanna.
- Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og til aukinna afkasta.
- Að launakerfið miðist við að ráða, byggja upp og halda í starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.

## 3. Framkvæmd röðunar og mats.

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Vegna breytinga á starfsemi HVEST geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að ráða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar starfsmönnum í mismunandi deildum stofnunarinnar er ráðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun eða með hvaða hætti, skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu við undirritun þessa samnings.

#### 4. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1

Hjúkrunarfræðingur A	022-031
Hjúkrunarfræðingur B	032-041
Hjúkrunarfræðingur C	051-061
Hjúkrunarfræðingur D	061-091
Aðstoðardeildarstjóri	091-

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. greinar, fylgiskjöl og bókanir hér á eftir.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram 8 álagsþrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

#### 5. Formleg menntun og námskeið

Hjúkrunarfræðingar geta fengið að hámarki 3 launaflokka fyrir viðbótarmenntun sem nýtist í starfi og að hámarki 1 þrep fyrir námskeið og fagráðstefnur.

##### 5.1 Skipting álagsþrepa og launaflokka

Diplómanám 30 ECTS sem nýtist í starfi	eitt þrep
Diplómanám 60 ECTS sem nýtist í starfi	einn flokkur og eitt þrep
Meistaránám 120 ECTS sem nýtist í starfi	tveir flokkar
Doktorsnám sem nýtist í starfi	þrjú flokkar

##### 5.2 Námskeið og fagráðstefnur

Skipulögð námskeið/fagráðstefnur sem nýtast í starfi gefa hjúkrunarfræðingi eitt þrep (2,5% álag) á laun sín. Námskeiðin/Fagráðstefnurnar skulu að lágmarki vera 6 kennslustundir eða hálf eining hvert, samtals 180 stundir. Skilyrði er að sýnt sé fram á viðveru með staðfestu skjali. Einungis námskeið á síðustu 10 árum frá umsókn teljast gjaldgeng í þessu mati.

##### 5.3 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum formlegrar menntunar og námskeiða.

**Diplómanám 30 ECTS einingar**

Þegar starfsmaður hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi fær hann eitt þrep enda sé námið a.m.k 30 ECTS einingar.

### **Diplómanám 60 ECTS einingar**

Þegar starfsmaður hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi fær hann einn flokk og þrep enda sé námið a.m.k 60 ECTS einingar.

Að meginstefnu skal við það miðað að um samfellt nám sé að ræða. Ljúki starfsmaður tveimur 60 ECTS eininga diplómagráðum sem nýtist í starfi skal launa hann með tveimur launaflokkum.

### **Meistaránám**

Þegar starfsmaður hefur lokið meistaránámi fær hann einn launaflokk sem kemur til viðbótar við þann launaflokk sem viðkomandi fékk fyrir diplómanám hafi það verið undanfari meistaránámsins. Sá sem lýkur meistaránámi en hefur ekki fengið launaflokk vegna diplómanáms fær tvo launaflokka ofan á grunnröðun sína. Meistaránám skal vera 120 ECTS eininga nám að lágmarki.

### **Doktorsnám**

Þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi fær hann einn flokk til viðbótar við þá flokka sem hann hefur fengið fyrir meistaránámið sitt.

Umsóknir um þrep eða flokka vegna viðbótarnáms eða námskeiða fara til samstarfsnefndar sem ákvarðar um málið eftir þeim gögnum sem nefndinni berast. Áriðandi er að skila vottuðum og dagsettum gögnum um fjölda eininga og stunda.

## **6. Reynsla**

Starfsþróun hjúkrunarfræðinga er eftirfarandi:

10 ár í starfi sem hjúkrunarfræðingur	1 þrep
15 ár í starfi sem hjúkrunarfræðingur	1 þrep
20 ár í starfi sem hjúkrunarfræðingur	þrep

## **7. Sérverkefni**

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið 1-2 launaflokka ofan á grunnröðun launa sinna fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð, sem fellur utan hefðbundinna starfa.

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af framkvæmdastjóra hjúkrunar/ framkvæmdastjóra HVEST. Slík störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 24 mánuði í senn.

## **7.1 Nánari skilgreining á sérverkefnum**

### **Grunnkröfur:**

Gerð er krafa um sérstaka færni í starfi, sérþekkingu og reynslu á sviði ákveðinna málaflokka. Einnig er gerð krafa um skipulagshæfileika, reynslu af stjórnun og færni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að starfsmaður hafi viðbótarmenntun eða hafi sýnt sérstakt frumkvæði og áhuga á viðkomandi verkefni/málaflokki.

### **Ábyrgð:**

Starfsmaður ber ábyrgð sem skilgreind er í starfslýsingu/erindisbréfi þar sem m.a skal skýrt tekið fram um verksvið og valdmörk starfsins.

### **Helstu þættir:**

Starfið þarf að fela í sér tvo eða fleiri af neðangreindum þáttum:

- Umsjón og ábyrgð á þjónustu og fagþróun í ákveðnum málaflokki/-flokkum eða við ákveðna starfseiningu/einingar.
- Umsjón og ábyrgð á þróunarvinnu, gæðastjórnun, breytingarstjórnun og innleiðingu nýjunga.
- Umsjón og ábyrgð á gerð og uppfærslu verkferla.
- Stjórnun starfsmanna samkvæmt sérstöku umboði yfirmanns eða sem staðgengill yfirmanns s.s verkstjórn, skipulagningu og samræmingu á vinnu starfsmanna á einingu/einingum samkvæmt stjórnskipuriti.
- Ábyrgð á faglegri þróun, þátttöku í þverfaglegri vinnu og í skipulagningu og stefnumótun.
- Þátttaka í ráðningu starfsfólks til einingarinnar/eininganna. Umsjón með og ábyrgð á aðlögun nýrra starfsmanna.
- Skipulagningu og umsjón með kennslu nemenda.
- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu nýrrar tækni, aðferða eða meðferðarúrræða.

## **8. Vinnuframlag að næturlagi.**

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi (eða

breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að 50-59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur fjórum álagsþrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fimm álagsþrep.

## **9. Réttur til endurmats á röðun**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum vegna framkvæmdar stofnanasamnings skal skotið til samstarfsnefndar sbr. 11. kafla kjarasamninga.

## **11. Gildistaka**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2013.

## Fylgiskjal 1

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða, skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verk svið, sbr. 3 kafla hér að framan um forsendur röðunar.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. Kafla.

Starfsmaður A: Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar en starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Starfsmaður B: Byrjandi eftir 3. mánuði í starfi. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Starfsmaður C: Reyndur starfsmaður sem er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Starfsreynsla að jafnaði 3 ár.

Starfsmaður D: Mjög reyndur starfsmaður. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Starfsreynsla að jafnaði 5 ár.

Aðstoðardeildarstjóri: Er staðgengill yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar.

## Bókun 1

Með stofnanasamningi samstarfsnefndar FÍH og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða 1 maí 2013.

- a) Hjúkrunarfræðingar sem starfa einir á vakt með samtengdar deildar fá greiddar tvær klukkustundir fyrir hverja morgunvakt og kvöldvakt sem unnin er með þessum hætti og eina klukkustund fyrir hverja næturvakt. Séu tveir hjúkrunarfræðingar á vakt fá þeir sitt hvorn klukkutímann. Þetta á ekki við um morgunvaktina á virkum dögum. Í þessu felst að hjúkrunarfræðingur sinnir auk legudeilda, slysadeild, fæðingadeild, líkhúsi, fylgist með öryggiskerfi hússins og öðru tilfallandi.
- b) Hjúkrunarfræðingar sem vinna með, blanda og gefa krabbameinslyf fá 1 launaprep ( á láréttum ási) fyrir þá vinnu.